

Samningar um vísinda- og menningarsamstarf við Indland



Kapil Sibal vísindamálaráðgjafi Indlands og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir ráðgjafi mennta- og vísindamálaráðgjafi Indlands, undirrita samninga um menningar- og vísindasamstarf Íslands og Indlands

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir [menntamálaráðgjafi](#) og Kapil Sibal, vísindamálaráðgjafi Indlands, undirrituðu í [Þjóðmenningarhúsinu](#) á miðvikudag

samninga um menningarsamstarf og vísindasamstarf Íslands og Indlands.

Sibal hefur m.a. lýst yfir áhuga á auknu samstarfi landanna á sviði jarðskjálftavarna og við nýtingu jarðvarma.

Kapil Sibal var í opinberri heimsókn á Íslandi dagana 19. og 20. október í boði menntamálaráðgjafa. Á meðan á heimsókninni stóð átti hann einnig fundi með Ólafi Ragnari Grímssyni, [forseta Íslands](#), Halldóri Ásgrímssyni [forsætisráðgjafi](#), Geir H. Haarde [utanríkisráðgjafi](#) og Einar Kristni Guðfinnssyni [sjávarútvegsráðgjafi](#).

Sibal heimsótti fjölmargar íslenskar stofnanir og fyrirtæki. Má þar nefna [Háskóla Íslands](#), [Rannís](#), [Rannsóknastofnun fiskiönaðarins](#), [Hafrannsóknastofnun](#), [Almannavarnir](#), [Veðurstofu Íslands](#), [Marel](#), [Íslenska nýorku](#) og [Actavis](#).

Kapil Sibal er fæddur árið 1948 og var fyrst kosinn á þing árið 1998. Hann er með meistaraþráðu í sagnfræði frá St. Stephens's College við Háskólann í Nýju Delhi og L.L.M.-gráðu í lögfræði frá Harvard Law School. Hann var forseti samtaka indverskra hæstarrettarlögmannna árin 1995-1998 og 2001-2002 og hefur verið í forystu fyrir sendinefnd Indverja gagnvart [Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna í Genf](#)

Alþjóðleg kvikmyndahátíð í Reykjavík

[Alþjóðlegri kvikmyndahátíð í Reykjavík](#) lauk hinn 9. okt. sl. Framboð kvikmynda var mjög fjölbreytt og aðsókn góð að sögn aðstandenda. Hátíðin hefur þegar skipað sér sérstöðu sem felst m.a. í áherslum á fræðslu og þekkingarmiðlun í samvinnu við ýmsar stofnanir. Nefna má samstarf við [Háskóla Íslands](#) um námskeið í kvikmyndafræðum og málþing um kvikmyndir og viðfangsefni þeirra í samvinnu við [UNIFEM](#) og [UNICEF](#). Margir erlending gestir komu til hátíðarinnar og var heiðursgesturinn Abbas Kiarostami frá Íran.

Í ávarpi [menntamálaráðgjafa](#) í dagskrárblaði hátíðarinnar segir m.a.: „[UNESCO](#) (Menningarstofnun Sameinuðu þjóðanna) hefur beitt sér sérstaklega fyrir því að auka skilning fólks á nauðsyn menningarlegrar fjölbreytni. Menning og listir eru hinn sérstaki auður þjóðanna og fyrir hvert tungumál, siði og hefðir sem hverfa verður heimsbyggðin fátækari. Á tímum mikilla hreyfinga fólks á milli landa og fjölmennarlegra samfélaga er nauðsynlegt að efla skilning og umburðarlyndi á menningu og hefðum þjóða og þjóðarbrotta. Einn liður í þeirri viðleitni er að auka þekkingu fólks á eigin menningu því sá sem virðir eigin hefðir er líklegri til að skilja siði annarra. Þannig tvinnast saman þörfin fyrir öflugt eigið menningarlíf og nauðsyn þess að kynna fjölbreyttri menningu fólks frá öllum heimshornum. Þetta tvennt sameinast í Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Reykjavík og er það fagnaðarefni.”

Þarfagreining á menntun í ferðaþjónustu

Kynntar voru á fundi hinn 11. október sl. niðurstöður þarfagreiningar á menntun í ferðaþjónustu. Boðað var til fundarins af hálfu Samtaka ferðaþjónustunnar og ávarpaði Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir [menntamálaráðgjafi](#) fundinn. Sigríður Þrúður Stefánsdóttir og Arney Einarsdóttir hjá HRM-rannsóknnum og ráðgjöf kynntu niðurstöður þarfagreiningar sem þær unnu og naut stuðnings [menntamálaráðuneytis](#) og Starfsmenntasjóðs [félagsmálaráðuneytis](#). Kynnt var staða og framboð menntunar í ferðaþjónustu, einkenni starfa, starfsþróun og þörf fyrir sí- og endurmenntun í ferðamálagreinum. Kom fram í máli þeirra að mikil þörf væri fyrir að efla menntun á þessum vettvangi til þess að gera störf áhugaverðari og atvinnugreinina arðbærari. Í máli menntamálaráðgjafa kom fram að fyrirsjáanlega yrði ráðist í gerð námskrá fyrir ferðamálanám í framhaldi af þeirri vinnu sem kynnt var á fundinum.

Skýrsluna [þarfagreining fyrir fræðslu og menntun í ferðaþjónustu](#) og efni tengt henni má finna á vef [Samtaka ferðaþjónustunnar](#).

Aðalnámskrá tónlistarskóla - Tónfræðagreinar



Nýverið kom út [Aðalnámskrá tónlistarskóla: tónfræðagreinar](#). Þetta er níunda ritið af aðalnámskrá tónlistarskóla. Auk prentaðrar útgáfu er námskráin birt á [námskrárvef](#) menntamálaráðuneytis.



Helgi Árnason skólastjóri Rimaskóla afhendir nokkrum nemendum í 10. bekk hálsbönd. Að sögn Helga skapaðist í skólanum af þessu tilefni góð umræða um lýðræði

Dagur lýðræðis og borgaravitundar í skólastarfi

12. október sl. var dagur lýðræðis og borgaravitundar í skólastarfi og var dagsins víða minnst. Þann dag var öllum 10. bekkjum landsins afhent hálsbönd með einkunnarorðum verkefnisins - [Að lífa og læra í lýðræði](#). Dagurinn var haldinn í tilefni af [Evrópuári um borgaravitund og lýðræði skólastarfi 2005](#). Á Seltjarnarnesi var haldið öflugt skólaping þar sem lögð voru drög að framtíðarumgjörð um skólastarf bæjarins, Ungmennaráð Reykjavíkur og Hverfasamtök Vesturbæjar og Miðbæjar efndu til málþings um lýðræði og ungt fólk, í [Fjölbrotaskóla Suðurlands](#) var spilað lýðræðisspilið og þar var einnig efnt til fundar með þingmönnum svo eitthvað sé nefnt.

Það er von ráðuneytisins að Evrópuárið 2005 og 12. október vekji fólk til umhugsunar um mikilvægi borgaravitundar og lýðræðis í skólastarfi í framtíðinni.

